

**Borgarstjórn**  
**16. júní 2020**

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frestun áforma um nýja íbúðabyggð í Skerjafirði**

Borgarstjórn samþykkir að áformum um nýja íbúðabyggð í Skerjafirði verði frestað á meðan rannsóknir fara fram. Fram kemur í nýlegu samkomulagi ríkis og borgar að miðað verði við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er fullbúinn til notkunar. Samkvæmt samningi ríkis og borgar þarf að fara í aðalskipulagsbreytingu en sú vinna er eftir. Þá liggur einnig fyrir að fara á í gerð hverfisSKIPULAGS árið 2022 fyrir Vesturbæinn sem kallar á mikið samráð við íbúa varðandi skipulag hverfisins. Fyrir liggur að fara þarf fram umhverfismat á svæðinu sem gæti haft áhrif á skipulagsferlið en því er enn ólokið. Þá hafa enn ekki farið fram fullnægjandi rannsóknir á þeim veðurfarslegu áhrifum sem fyrirhuguð byggð hefði í för með sér og gæti hugsanlega haft áhrif á flugskilyrði og flugöryggi. Með alla ofangreinda þætti í huga er eðlilegt og skynsamlegt að fresta uppbyggingaráformum á svæðinu.

### **Greinargerð:**

Gert hefur verið rammaskipulag um nýja byggð í Skerjafirði. Rammaskipulag hefur ekkert lagalegt gildi og er einungis hugmynd að skipulagi. Engu að síður er farið að auglýsa og úthluta lóðum byggðum á umræddu rammaskipulagi og lóðarhöfum boðið að koma að deiliskipulagsgerðinni á sama tíma og ekkert samráð hefur átt sér stað við íbúa. Lóðir verða ekki til fyrr en deiliskipulag hefur verið gert og samþykkt. Deiliskipulagsgerð er ekki lokið fyrir svæðið og því ekki hægt að úthluta lóðum þar.

Reykjavíkurborg og ríki gerðu með sér sérstakan samning í nóvember 2019 þar sem fram kemur að miðað verði við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er fullbúinn og tilbúinn til notkunar en ný byggð myndi þrengja að flugvællinum sem gæti komið niður á nýtingarstuðli vallarins og flugöryggi. Þá er þess einnig getið í samningum að tryggt verði eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja á vellinum á meðan rannsóknir á möguleikum nýs flugvallar fari fram.

Nýlega tilkynntu borgaryfirvöld Flugfélaginu Erni að rífa þyrfti viðhaldsstöð félagsins á næstunni bótalaust vegna fyrirhugaðrar vegalagningar, sem nauðsynleg yrði fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir við nýja byggð í Skerjafirði.

Þá hafa enn ekki farið fram fullnægjandi rannsóknir á þeim hugsanlegu veðurfarslegu breytingum sem ný byggð gæti haft í för með sér fyrir flugskilyrði og flugöryggi.

Áætlað er að fara í gerð hverfisSKIPULAGS fyrir Vesturbæinn þar sem Skerjafjörðurinn er undir árið 2022 en hverfisSKIPULAG sameinar eldri deiliskipulag ásamt nýjum hugmyndum að skipulagi. Umhverfismati er enn ekki lokið, hvorki vegna landfyllingar við Skerjafjörð, né vegna olíumengaðs jarðvegs eða þeirra umhverfisáhrifa sem uppbygging og uppgröftur á þessu svæði mun hafa á Vatnsmýrina. Fram hefur komið í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs að áætluð framkvæmd sé á viðkvæmu náttúrusvæði með umtalsvert verndargildi og þar finnast vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Skerjafjörður er metinn sem eitt af náttúrusvæðum sem Náttúrufræðistofnun telur að skuli friðlýsa samkvæmt tillögum þeirra fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár sem er í undirbúningi hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stór hluti strandlínu Skerjafjarðar í Reykjavík er verndaður og m.a. friðlýstur að hluta í Fossvogi en einnig undir hverfisvernd, auk þess sem fyrirhugað er að friðlýsa Skerjafjörð í heild sinni. Með öll framangreind sjónarmið í huga ætti að fresta uppbyggingaráformum um nýja byggð í Skerjafirði.